

Nr. 094 / 11 Valdimar GK 195***Skipverjar slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2354
Smíðaður: Noregi 1982 stál
Stærð: 344,3 brl. 569 bt.
Mesta lengd: 41,3 m Skráð lengd: 38 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 15



Valdimar© Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. febrúar 2011 var Valdimar GK 195 á línuveiðum í SV miðum. Veður: A 8 m/s. og ölduhæð 1 m.

Skipverji sem var í aðgerð skar í vísifingur vinstri handar og var sendur til læknis þegar komið var í land.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn sagði að þeir hafi verið að klára aðgerðina í lok vaktarinnar og hnífurinn hafi runnið til í höndum hans og sneitt ofan af kjúkunni;
- að þetta hafi verið annar túrinn hjá honum á skipinu en hann sé vanur á sjó og að fara með hnífa.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.